
206. Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Spørgsmál)

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt fyrir alla Norðurlandabúa að auðvelt sé að fara milli Norðurlandanna til vinnu og náms. Ísland er engin undantekning þar á og margir Íslendingar hafa flust til Noregs eftir 2008 og þá hafa margir Íslendingar flutt til Danmerkur og Svíþjóðar til að stunda nám, svo að ég nefni einhver dæmi. Norðurlöndin efla samkeppnishæfni sína með því að auka hreyfanleika og með því að verða einn samþættur og sameinaður vinnumarkaður og við þurfum þess vegna að sjá að það sé auðvelt að flytja sig á milli landanna. Með inngöngu Finnlands og Svíþjóðar í NATO mun norrænt samstarf stóreflast á víðtækum grunni en það mun líka auka kröfu um mun meiri hreyfanleika og fólk mun ekki sætta sig við hindranir í stjórnsýslu né í öðru þegar það vill vinna milli Norðurlandanna eða þegar ungt fólk vill flytja milli landanna. Þetta þarf að vera einfalt og óhindrað og í glóbalíseruðum heimi þá er sífellt háværari ósk um að fólk komist auðveldlega á milli. Norðurlöndin geta gengið á undan með góðu fordæmi og það er ekki nauðsynlegt að hinkra eftir því að sjá hvaða forystu Evrópusambandið ætlar að taka í málunum. Norræna stjórnsýsluhindrunarráðið vinnur gott starf ásamt upplýsingaþjónustu Info Norden og upplýsingaskrifstofum á landamærasvæðum við að kortleggja hvaða hindranir eru til staðar og hvernig þær liggja. Stjórnsýsluhindrunarráðið kemur þeim á framfæri svo að auðvelt sé að laga það sem laga þarf og það sýndi sig skýrt í Covid-faraldrinum. Samstarf stjórnsýsluhindrunarhópsins í Norðurlandaráði og norræna stjórnsýsluhindrunarráðsins er gott og er alltaf að eflast, en eiga Norðurlöndin ekki að vera brött og best í bekknum og leysa sem mest sem fyrst á okkar svæði svo að við getum verið til fyrirmyndar fyrir aðra

Skandinavisk oversettelse

Árادة president! Det är viktigt för alla nordbor att kunna utan hinder resa mellan de nordiska länderna för att arbeta eller studera. Island är här inget undantag och ett stort antal islänningar har flyttat till Norge sedan 2008, men många har också flyttat till Danmark och Sverige för att studera, bara för att ge ett par exempel. Norden kan stärka sin konkurrenskraft genom att öka rörligheten och genom att bli en integrerad och enad arbetsmarknad. Vi måste därför se till att det går att flytta mellan länderna utan svårigheter. Vid Finlands och Sveriges inträde i Nato kommer det nordiska samarbetet att förstärkas på en bred grund, men det kommer också att kräva en mycket större rörlighet och människor kommer inte att acceptera hinder, vare sig på gränsen mellan länderna eller under andra former, när de vill arbeta i ett annat nordiskt land eller när unga människor vill flytta mellan länderna. Det hela måste vara enkelt och utan hinder, och i den globaliserade ekonomin finns en allt starkare önskan om att kunna resa på ett okomplicerat sätt. Här kan Norden vara en förebild och vi behöver inte vänta på ett eventuellt initiativ från EU. Det nordiska Gränshinderrådet gör ett bra arbete tillsammans med informationstjänsten Info Norden och de gränsregionala informationstjänsterna för att kartlägga var det finns hinder och hur de ser ut. Gränshinderrådet informerar om dessa hinder för att göra det lättare att göra nödvändiga förbättringar, vilket mycket tydligt visade sig under coronapandemin. Nordiska rådets gränshindergrupp har ett bra och allt starkare samarbete med Gränshinderrådet, men borde inte vi nordbor vara duktigast och bäst i klassen och lösa så många problem som möjligt i vår egen region för att på det viset vara en förebild för andra i Europa?

Tietoja

Puheen numero

206

Laji

Spørgsmål

Henkilö

[Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir](#)

Speaker role

Midtergruppen

Tila

Waiting for transcription

Päivämäärä

02.11.22 15:24

Asia

[Samarbetsministrarnas redogörelse för mobilitet och gränshinder](#)